

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af tveimur skólaliðum í Hafnalækjarskóla, þeir eru Benedikt Kristjánsson og Þórðís Jónsdóttir. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Starfsmönnum Síldarvinnslunnar á Raufarhöfn sagt upp störfum

Í tilefni af ákvörðun Síldarvinnslunnar um að hætta starfsemi á Raufarhöfn sendi Verkalýðsfélag Húsavíkur frá sér svohljóðandi ályktun:

“Verkalýðsfélag Húsavíkur harmar ákvörðun Síldarvinnslunnar um að hætta starfsemi í loðnuverksmiðju fyrirtækisins á Raufarhöfn. Starfsmönnum hefur verið sagt upp frá og með næstu mánaðamótum. Loðnuverksmiðjan hefur í gegnum tíðina gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnuuppbyggingu á Raufarhöfn og veitt fjölmörgum

atvinnu. Þá hefur sveitarfélagið sett verulegt fjármagn í hafnarframkvæmdir ekki síst til að styrkja starfsemi verksmiðjunnar á staðnum og bæta þar með samkeppnisstöðu hennar miðað við aðrar sambærilegar verksmiðjur. Verkalýðsfélag Húsavíkur telur Síldarvinnsluna bera ákveðna ábyrgð á lokun verksmiðjunnar og hvetur því fyrirtækið til að koma að því með heimamönnum að finna húsnæði verksmiðjunnar á Raufarhöfn nýtt hlutverk.”

Fjölmarginir sækja um orlofshús

Fjölmarginar umsóknir hafa borist frá félagsmönnum um orlofshús sumarið 2006. Búið er að yfirfara umsóknirnar. Fljótlega munu umsækjendur fá bréf um það hvort stéttarfélagin hafi getað orðið við beiðni viðkomandi um orlofshús

eða ekki. Rétt er að geta þess fyrir þá sem gleymdu að sækja um orlofshús að nokkrar vikur eru lausar í orlofshúsum víða um land í sumar og er áhugasömum bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst.

Þingiðnarmenn skoða uppbyggingu álvera

Þingiðn stóð fyrir ferð til Reyðarfjarðar laugardaginn 22. apríl og fóru tæplega þrjátíu félagsmenn í ferðina sem er mjög góð þátttaka. Á Reyðarfirði var byrjað á því að borða og síðan tóku fulltrúar frá Alcoa við hópnum og fræddu gestina um uppbyggingu fyrirtækisins á Reyðarfirði og þá vinnu sem þeir eru í varðandi hugsanlega uppbyggingu álvers við Húsavík. Á

heimleiðinni var komið við í Fljótsdal og á Egilsstöðum þar sem uppbygging á íbúðarhúsnæði og þjónustubyggingum var skoðuð sem er jákvæð afleiðing stórfamkvæmdanna á Austurlandi. Um kvöldið var síðan komið heim eftir velheppnaða ferð. Í næsta Fréttabréfi verður vonandi hægt að sýna myndir úr ferðinni.

VH gengur fyrst félaga frá samningi við erlenda starfsmannaleigu

Verkalýðsfélag Húsavíkur gekk nýlega frá kjarasamningi við starfsmannaleiguna Rimec Ltd. sem er með höfuðstöðvar á Írlandi. Samkvæmt kjarasamningnum skuldbindur starfsmannaleigan sig til að fara eftir ákvæðum íslenskra kjarasamninga og þá eru starfsmönnum jafnframt tryggð sambærileg réttindi og tryggingar og þekkjast á íslenskum vinnumarkaði. Kjarasamningurinn á við um þá starfsmenn sem koma til með að starfa á vegum starfsmannaleigunnar á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur. Alþingi samþykkti ný lög um starfsmannaleigur í desember sl. og er þetta fyrsti kjarasamningurinn sem stéttarfélag á Íslandi gerir við erlenda starfsmannaleigu eftir gildistöku lagana. Þess má geta að nokkrir starfsmenn frá starfsmannaleigunni stórfuðu haustið 2005 í sláurtíðinni hjá Norðlenska án kjarasamnings sem VH gerði alvarlegar athugasemdir við. Með samningnum er komið í veg fyrir að svo verði áfram.



Formaður VH og Mark Lundgren frá starfsmannaleigunni Rimec skrifuðu undir kjarasamning 30. mars á Húsavík sem tryggir starfsmönnum á þeirra vegum sambærileg kjör og öðrum þeim sem starfa eftir íslenskum kjarasamningum. Samningurinn er tímamótasamningur.

AUGLÝSING

frá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga.

Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga er flutt að Ketilsbraut 7-9. (Stjórnsýsluhús Húsavíkurbæjar, gengið inn að sunnan). Nýtt símanúmer er 464-6130, fax 464-6131. Einnig hafa orðið breytingar á opnunartíma stofnunarinnar sem verður hér eftir frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 08:30 til 15:30, föstudaga frá 08:30 til 12:00

Félagsmálastjóri



FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA ÞINGEYINGA
KETILSBRAUT 22 • SÍMI 464 1430 • BRÉFSÍMI 464 2430 • 640 HÚSAVÍK

www.tingey.is

www.vh.is
Ávallt nýjar fréttir
af starfi félaganna

Hátíðardagskrá

í Félagsheimili Húsavíkur
1. maí 2006

Hátíðardagskrá:

Kl. 14:00 hefst hátíðardagskrá í Félagsheimili Húsavíkur

- Ávarp: Aðalsteinn A. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur
- Tónlist: Tríó reiðinnar leika og syngja nokkur lög úr leikritinu Þrúgur reiðinnar
- Hátíðarræða: Ólafía Helga Jónasdóttir nemi í Borgarhólsskóla
- Gamanmál: Einar Georg Einarsson
- Söngur: Karlakórinn Hreimur syngur undir stjórn Róbert Faulkner
- Dægurlög: Lögin eru helguð þingeyiskum lagahöfundum.
Stórsveit Guðna Braga sér um flutninginn.
Meðal þeirra sem koma fram verður Ina Valgerður Pétursdóttir Idol stjarna

Kynnir verður Agnes Árnadóttir nemi í Framhaldsskólanum á Húsavík.

Að lokinni dagskrá bjóða stéttarfélögin í Suður-Þingeyjarsýslu samkomugestum upp á kaffiveitingar.

Þingeyingar, drögum fána að húni á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí.

Verkalýðsfélag Húsavíkur • Verslunarmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Húsavíkur • Þingið, félag iðnaðarmanna

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS)



Grensáavegur 16a, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími: 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Stofnfundur VHN

Ákveðið hefur verið að stofnfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verði haldinn 6. júní kl. 20:00 í fundarsal félagsins enda verði samþykkt á aðalfundum Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar að sameina félögin.

Dagskrá:

1. Sameining VH og VÖ
 - a) Yfirlýsing um sameiningu félaganna
 - b) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga
 - c) Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
 - d) Kosning löggilts endurskoðanda
 - e) Lög félagsins
 - f) Ákvörðun árgjalda
 - g) Laun stjórnar
2. Önnur mál

Tillögur að lögum félagsins, lögum deilda og reglugerðum sjóða verður hægt að fá á skrifstofu félagsins eftir 25. maí 2006. Það á einnig við um tillögur kjörnefndar um félagi í trúnaðarstöður í félaginu.

Félagsmenn sýnum samstöðu og mættum á fundinn. Boðið verður upp á veitingar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar

Afsláttur af rútofargjöldum

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa samið við TREX ehf. sem er með sérleyfið frá Þórshöfn til Reykjavíkur um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna. Samkomulagið er eftirfarandi:

Húsavík-Akureyri-Húsavík: Félagsmenn fá 15% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 4.200,- en með 15% afslætti af því er það kr. 3.600,- fyrir félagsmenn stéttarfélaganna.

Þórshöfn-Akureyri-Þórshöfn: Félagsmenn fá 15% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir

kr. 10.600,- en með 15% afslætti af því er það kr. 9.000,- fyrir félagsmenn stéttarfélaganna.

Húsavík-Reykjavík-Húsavík: Félagsmenn fá 25% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 17.400 en með 25% afslætti er það kr. 13.000,- fyrir félagsmenn.

Þórshöfn-Reykjavík-Þórshöfn: Félagsmenn fá 25% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 23.600,- en með 25% afslætti er það kr. 17.700,- fyrir félagsmenn.



Það er alltaf gaman að fá góða gesti í heimsókn. Fulltrúar frá Öldunni stéttarfélagi á Sauðárkróki heimsóttu starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík til að fræðast um starfsemi stéttarfélaganna og vinnureglur sem gilda hjá félögum varðandi rekstur félaganna í Þingeyjarsýslum. Á myndinni eru Þórarinn Sverrisson formaður Öldunnar og Steina starfsmaður félagsins. Auk þeirra eru á myndinni Snæbjörn Sigurðarson og Jónína Hermannsdóttir starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.



Hér má sjá Kristbjörgu Sigurðardóttur varaformann Verkalýðsfélags Húsavíkur og Þingeyinginn Þorkel Kolbeins sem ætíður er úr Aðaldal á góðri stundu. Þorkell er starfsmaður Vökuls, stéttarfélags á Höfn og býr þar. Kristbjörg og Þorkell bittust í Mývatnssveit fyrir tveimur vikum þar sem sameining og samstarf stéttarféлага á Norður- og Austurlandi voru til umræðu.

Tölvunámskeið á Raufarhöfn

Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir 10 tíma tölvunámskeiði fyrir byrjendur á Raufarhöfn. Á námskeiðinu var farið yfir hvernig tölvan virkar, notkun ritvinnslu og internetið. Kennt var í Grunnskóla Raufarhafnarhrepps. Námskeiðið var frítt fyrir félagsmenn. Kennari á

námskeiðinu var Óskar Birgisson. Námskeiðið var samstarfsverkefni Verkalýðsfélags Húsavíkur og Fræþings. Þá lagði Raufarhafnarhreppur til tölvuverið í grunnskólanum sem ástæða er til að þakka fyrir. Í næsta Fréttabréfi verða myndir frá námskeiðinu.

Óánægja með starfskjör



Verkalýðsfélag Húsavíkur á nú í viðræðum við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Hvamms, heimili aldraðra um kjör starfsmanna. Krafa félagsins er að launakjör starfsmanna verði þau sömu og hjá starfsmönnum sveitarfélaga sem fengu nýlega bækkanir umfram kjarasamninga.

Fjölmíðlar hafa undanfarið fjallað um óánægju fólks sem vinnur á dvalar- og hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu með kjör sín. En það er ekki bara að fólk við umönnunarstörf á höfuðborgarsvæðinu sé óánægt heldur á það við víða um land. Í því sambandi má einnig geta þess að fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur hafa fundað með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms, heimilis aldraðra um launakjör starfsmanna stofnananna sem félagið telur ekki ásettanleg m.v. kjör sambærilegra hópa sem starfa eftir kjarasamningum Launaneðndar sveitarfélaga og viðsemjenda þeirra. Það er von félagsins að stjórnendur stofnananna hafi skilning á kröfum félagsins og að kjör starfsmanna verði bætt. Þessa dagana er beðið eftir svörum frá þeim. Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur sendi frá sér ályktun um stöðu mála síðasta þriðjudag. Ályktunin er svohljóðandi:

á undangengnum árum knýr starfsfólk í setuverkföll með kröfu um að störf þeirra verði metin af sanngirni.

Það er ekki aðeins að starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu sé óánægt með sín kjör heldur á það við um sambærilega hópa á landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna að Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur átt í viðræðum við stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms, heimilis aldraðra um hækkun launa umfram gildandi kjarasamninga þar sem þessir hópar hafa dregist verulega aftur úr sambærilegum hópum hjá sveitarfélögum.

Þrátt fyrir að starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum eigi nú í kjaradeilum við sína viðsemjendur er rétt að benda á að aðrir hópar verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði s.s. fiskvinnslufólk, iðnverkafólk og bílstjórar búa einnig við kjör sem ekki eru boðleg íslensku verkafólki. Staðan í dag er afleiðing þeirrar láglaunastefnu sem rekin hefur verið undangengin ár. Í því sambandi verður Verkalýðshreyfingin að sýna klærnar í stað þess að klappa atvinnurekendum með mjúkri loppu. Í kjarabaráttu fæst lítið með því. “

“Verkalýðsfélag Húsavíkur tekur heilshugar undir kröfur starfsmanna á dvalar- og hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu um bætt kjör. Kröfur þeirra eru eðlilegar þar sem fóst mánaðarlaun eru ríflega 100 þúsund krónur á mánuði. Sú láglaunastefna sem rekin hefur verið

Kristján heiðursfélagi Sungið fyrir viðskiptavinum



Góðvinirnir, Kristján Ásgeirsson og Hörður Arnórsson fyrir neðan bakkann. Þeir hafa báðir starfað fyrir Verkalýðsfélag Húsavíkur.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að gera Kristján Ásgeirsson að heiðursfélaga. Kristján sat í stjórn félagsins, lengst af sem formaður eða varaformaður frá árinu 1964 til ársins 1991 og hafði því mikil áhrif á mótun félagsins á þeim tíma sem leiddi til þess að félagið er í dag eitt öflugasta stéttarfélag verkafólks á Íslandi. Segja má um Kristján að hann sé félagsmálatróll því auk þess að vera virkur

í störfum Verkalýðsfélags Húsavíkur satt hann í bæjarstjórn Húsavíkur um átatuga skeið ásamt því að sinna öðrum félagsmálum. Það er því vel við hæfi að Kristján skuli gerður að heiðursfélaga í Verkalýðsfélaga Húsavíkur. Að þessu tilefni er viðtal við hann í Fréttabréfinu sem Jóhannes Sigurjónsson tók fyrir blaðið. Þá mun Kristján fá sérstaka viðurkenningu frá félaginu á hátíðarhöldunum 1. maí n.k.



Á Öskudaginn lögðu fjölmörg börn leið sína á Skrifstofu stéttarfélaganna og sungu fyrir starfsmenn og fengu að launum góðgæti. Starfsmenn skrifstofunnar glöddu einnig gestina með leik og söng enda starfsmennirnir ágætir tón-

listarmenn að undanskildum forstöðumanni skrifstofunnar sem er ekki mikill bógu á tónlistarsviðinu. Á myndinni eru Steingerður og Snæbjörn í góðum gir á öskudaginn

Golfmót fyrir trúnaðarmenn VH



Nýlega stóð Verkalýðsfélag Húsavíkur fyrir golfmóti fyrir trúnaðarmenn og trúnaðarmannaráð félagsins. Mótið var liður í því að efla innra starf félagsins. Mótið fór fram í Hvalamíðstöðinni á Húsavík en þar hefur í vetur verið hægt að stunda minnigolf við góðar aðstæður og á Ásbjörn heiður skilið fyrir framtíð. Á myndinni eru þeir sem komust í úrslit eftir hörkuspennandi keppni. Þráinn Þráinsson starfsmaður Vísis á Húsavík sigraði í keppninni og Sigrún Arngrímsdóttir lenti í öðru sæti. Þá fékk Steingerður Gísladóttir sérstök verðlaun fyrir fallegasta höggið en hún fór nokkrar holur í sama högginu og geri aðrir betur.



Jess, bola í böggi!!! Trúnaðarmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur sýndu snilldartilprif á golfmótnu eins og þessi mynd af Krístrinu Sigtryggssdóttir ber með sér en Krístrin er trúnaðarmaður starfsmanna á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

Gengið frá borði



Hér má sjá Egill Hjartarson starfsmann Alla Geira hf. yfirgefa bifreið sína eftir langan vinnudag. Fyrirtækið flutti nýlega starfsemi sína þangað sem Skipaafgreiðsla Húsavíkur var áður til búsa á bafnaruvæðinu. Nálægð bíla og báta er því nokkur á svæðinu eins og myndin ber með sér.

Hamingjuóskir til félagsmanna

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur óskar félagsmönnum til hamingju með 95 ára afmæli félagsins. Á þessum merku tímamótum stendur félagið vel og hefur kappkostað að veita félagsmönnum góða og persónulega þjónustu. Félagið er í dag eitt öflugasta stéttarfélag á Íslandi. Það er von

stjórnar að Þingeyingar fagni þessum tímamótum með því að mæta á hátíðarhöldin 1. maí og á listsýningu alþýðunnar í Safnahúsinu 29. apríl til 1. maí.

Með afmæliskveðju!
Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur



**Verkalýðsfélag
Húsavíkur**

Aðalfundur VH

**Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur
verður haldinn miðvikudaginn 24. maí kl.
20:00 í fundarsal félagsins.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Félagaskrá
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Ársreikningar
 - d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
 - e) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga
 - f) Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
 - g) Kosning löggilts endurskoðanda
 - h) Lagabreytingar
 - i) Ákvörðun árgjalda
 - j) Laun stjórnar
2. Tillaga að sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar tekin fyrir
3. Tillaga að nafni á nýtt sameinað félag tekin til afgreiðslu
4. Önnur mál

Ársreikningar félagsins munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins frá og með 17. maí 2006.

Tillaga kjörnefndar Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar um menn í trúnaðarstöður í félaginu verða kynntar á heimasíðu stéttarfélaganna 25. apríl. Einnig verður hægt að fá tillöguna á Skrifstofu stéttarfélaganna frá þeim tíma. Félagsmenn hafa sjö daga frest til að koma með aðrar tillögur, að öðru leyti vísast í lög Verkalýðsfélags Húsavíkur varðandi tillögur um menn í trúnaðarstöður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágreennis.

Eins og venjulega er rétt að hvetja félagsmenn til að taka þátt í störfum félagsins og því er mikilvægt að sem flestir mæti á aðalfundinn. Ekki er ólíklegt að fundarmenn fái smá glaðning frá félaginu.

**Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Húsavíkur**



Aðalfundur VÖ

**Aðalfundur Verkalýðsfélags Öxarfjarðar
verður haldinn í Skúlagarði
þriðjudaginn 23. maí kl. 20:00.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Félagaskrá
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Ársreikningar
 - d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
 - e) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga
 - f) Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
 - g) Kosning löggilts endurskoðanda
 - h) Lagabreytingar
 - i) Ákvörðun árgjalda
 - j) Laun stjórnar
2. Tillaga að sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar tekin fyrir
3. Tillaga að nafni á nýtt sameinað félag tekin til afgreiðslu
4. Önnur mál

Ársreikningar félagsins munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins á Húsavík frá og með 17. maí 2006.

Tillaga kjörnefndar Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar um menn í trúnaðarstöður í félaginu verða kynntar á heimasíðu stéttarfélaganna 25. apríl. Einnig verður hægt að fá tillöguna á Skrifstofu stéttarfélaganna frá þeim tíma. Félagsmenn hafa sjö daga frest til að koma með aðrar tillögur, að öðru leyti vísast í lög Verkalýðsfélags Húsavíkur varðandi tillögur um menn í trúnaðarstöður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágreennis.

Mikilvægt er að sem flestir mæti á aðalfundinn og taki þátt í aðalfundarstörfum.

**Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Öxarfjarðar**

Yfirlýsing vegna sameiningar VH og VÖ

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar hafa undirritað eftirfarandi yfirlýsingu vegna sameiningar félaganna 6. júní:

Frá og með stofnfundi 6. júní 2006 sameinast Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Öxarfjarðar undir nýju nafni, Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis og kennitölu Verkalýðsfélags Húsavíkur. Fjárhagslegur samruni miðast

þó við 1. janúar 2006. Frá og með þeim tíma yfirtekur nýtt félag eignir og skuldir Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar samkvæmt ársreikningum félaganna fyrir árið 2005. Þá yfirtekur nýja félagið skuldbindingar félaganna varðandi áunnin réttindi félagsmanna. Þjónustuskrifstofa félagsins verður á Húsavík. Það er von félaganna að önnur stéttarfélög í Þingeyjarsýslum sameinist Verkalýðsfélagi Húsavíkur og

nágrennis og myndi þannig eina sterka heild launafólks í Þingeyjarsýslum. Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar fagna sameiningunni og telja hana vera til mikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. Markmið nýja félagsins verður að standa vörð um réttindi félagsmanna, velferðar- og fræðslumál auk þess að halda uppi öfluglu félagsstarfi. Þingeyingar, sameinuð til sóknar.

VH stórhækkar sjúkradagpeninga

Fyrir aðalfundi Sameinaðs félags Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar liggja tillögur um að stórhækka sjúkradagpeninga með það að markmiði að þeir jafngildi um 80% af launum starfsmanna í veikindum eftir að greiðsluskyldu atvinnurekenda lýkur. Í dag er greiðslan kr. 4.500,- alla daga m.v. full starf. Þá er líka lagt til að dánarbætur til aðstandenda félagsmanna sem eru á vinnumarkaði og falla frá hækki um tæp 30% og verði kr. 180.000,-. Á þessu má sjá að það er góð trygging að vera fullgildur félagsmaður í stéttarfélagi.

LandsMennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



- **Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni**
- **Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins**
- **Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum**



Landsmennt

Grensásvegur 16a 2. hæð • 105 Reykjavík • Sími 562 6480
Fax 510 7549 • landsmennt@landsmennt.is • www.landsmennt.is

Breytingar hjá VÞ

Samþykkt hefur verið að Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur sameinist í eitt sveitarfélag frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum. Það þýðir breytingar hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar sem þarf að breyta sínu félagssvæði þar sem stéttarfélag verður alltaf að ná yfir allt sveitarfélagið. Skeggjastaðahreppur tilheyrir í dag AFLÍ, starfsgreinafélagi á Austurlandi. Unnið er að því að fulltrúar frá félögunum fundi á næstu vikum um hvernig best verði staðið að málum er varða félagsmenn þeirra í nýja sameinaða sveitarfélaginu. Að sögn Kristínar formanns VÞ er líklegt að fundað verði fljótlega eftir páska svo hægt verði að taka fyrir breytingar á félagssvæðinu á aðalfundi félagsins í vor.

VÖ styrkir unglingastarf

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar hefur samþykkt að styrkja unglingastarf á vegum UNÞ. Til stendur að fara með 3. flokk drengja í knattspyrnu á Íslandsmótið í sumar auk þess að taka þátt í öðrum mótum. Um er að ræða mjög kostnaðarsamt verkefni. Verkalýðsfélagið mun taka þátt í kaupum á keppnisbúningum.

Kristján Ásgeirsson, verðandi Heiðursfélagi í Verkalýðsfélagi Húsavíkur:

“Hef alltaf getað talað frá hjartanu”



Kristján Ásgeirsson við eldhúsborðið beima á Álfhóli 1. Fyrir framan bann er Íslandsklukka, gjöf frá Verkalýðsfélaginu sem hann fékk árið 1991, eftir 27 ára stjórnarsetu.

Á hátíðardagskrá stéttarfélaganna á Húsavík 1. maí n.k. verður Kristján Ásgeirsson gerður að heiðursfélagi í Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Þetta þarf engum að koma á óvart sem til þekkja, þar sem Kristján hefur verið að vasast í verkalýðsmálum með einum eða öðrum hætti nánast allt sitt líf, en hann er fæddur 26. júlí 1932. Kristján hefur setið lengur í stjórn Verkalýðsfélagsins en nokkur annar, samtals í 27 ár á árunum 1964 til 1991 og þar af var hann formaður árin 1973-76. Hann var einnig bæjarfulltrúi lengur en aðrir Húsvíkingar fyrr og síðar og stjórnaði að auki tveimur útgerðar-fyrirtækjum, Höfða og Íshafi á meðan hann var varaformaður Verkalýðsfélagsins, en hann hætti einmitt sem formaður þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra Höfða.

Á Húsavík er Kristján í raun þjóðsagnapersóna í lifanda lífi, af honum eru sagðar sögur og þekkt er mörg tilsvör hans, á borð við “þetta er nú lyktin sem við lifum af vinur,” og “við reddum þessu.” Og Kristján hefur reddað ansi mörgum í gegnum tíðina og rétt þurfandi

hjálpandi hönd, það mun flestum kunnugt þó hann hafi ekkert verið að hreykja sér á torgum sjálfur vegna þessa.

Það má eiginlega segja að Kiddi Ásgeirs sé með verkalýðsbaráttuna í blóðinu ef ekki genunum, enda margir forfeður hans og ættingjar lagt þar hönd á plóg. Tíðindamaður Fréttabréfsins settist með Kidda við eldhúsborðið að Álfhóli 1 skömmu fyrir páska og spjallaði við hann um verkalýðsbaráttuna í nútíð og fortíð og sitthvað fleira bara á góma. Fyrst var vikið að upphafinu, hvenær áhugi hans á verkalýðsmálum hafi byrjað.

“Já, það er rétt hjá þér, þetta er á vissan hátt genetískt. Amma mín, Þuríður Björnsdóttir, varð fyrsti formaður Verkakvennafélagsins Vonar á Húsavík við stofnun þess árið 1918 og Ásgeir faðir minn og bræður hans Björn, Arnór og að mig minnir Páll einnig voru allir í stjórn Verkamannafélagsins og stundum formenn. Og svo má minnst á Snædal gamla fôðurbróður þeirra bræðra og Þorgerður Þórðardóttir móðursystur mín og fleiri af mínum ættmennum hafa komið að þessum málum með ýmsum hætti,

þannig að þetta er vissulega í blóðinu. Ásgeir faðir minn var t.d. formaður Verkamannafélagsins í 10 ár, frá 1950.

Frá því ég man fyrst eftir mér var verkalýðsbaráttan til umræðu á mínu heimili. Og á þeim árum var í raun um sjálfa lífsbaráttuna að ræða, að hafa vinnu og tekjur til þess að brauðfæða fjölskylduna. En það var barist fyrir svo mörgu og hagsmunamálin voru fjölbreytt. Til dæmis man ég eftir því að það var barist fyrir því að börnum væri gefið lýsi í skólanum, og væri allt í lagi að taka þann sið upp á ný í dag á þessari skyndibitaöld. En menn voru fyrst og fremst að berjast fyrir lífi sínu og fátæktin var víða skelfileg.

Hinn sanni verkamaður var á þessum árum nánast nakinn og óvarinn fyrir öllum áföllum og búsfjum, bjargarlaus og upp á náð og miskunn atvinnurekenda kominn. Hann beið kannski undir vegg kaupfélagshússins dag eftir dag eftir því að fá að moka kolum, þegar pólitik réði því oft hverjir fengu að moka og hverjir ekki. Þetta var alveg skelfilegt upp á að horfa. Og það var eingöngu samstaða manna

sem skilaði því sem við höfum í dag, þó sú samstaða hafi raunar riðlast mikið á síðustu áratugum. Kallinn sagði alltaf við mig: “Settu þig aldrei í þá stöðu að þú verðir háður þeim á nokkurn hátt, því þá geturðu aldrei talað frá hjartanu. Og kvíðið engu á meðan þið eruð frísk, því þá eru ykkur allir vegi færir og öll önnur vandamál sem upp á koma leysanlegt.”

Og ég hef sem betur fer alltaf verið í þeirri stöðu að geta talað frá hjartanu og hef aldrei haft verulegar áhyggjur af eigin heilsu. En aftur á móti hef ég verið voðalega viðkvæmur andspænis veikindum annarra.”

- Hvað er fyrsta einstaka málið sem þú manst eftir frá þessum árum?

“Það var örugglega þegar pabbi fór í mál við Kaupfélagið á árunum 1938-39. Þetta mál snérist um innlegg á fiski á árinu 1938 minnir mig og greiðslur sem Kaupfélagið hélt eftir. Þetta var prófmál og ég man að krafan sem útgerð pabba gerði var upp á 7500 krónur sem var dágóður skilingur þá, því þetta var hálftrúð 15 tonna báts. Ég



Kiddi við málverk af föður sínum, verkalyðsleiðtoganum Ásgeiri Kristjánssyni.

man þetta vel þó ég væri ekki nema 6-7 ára, því þegar verið var að rétta í málinu hér á Húsavík, þá dróst það oft fram yfir kvöldmat og því var ekki borðað fyrr en réttarhaldinu lauk og pabbi kom heim. Og ég man það líka vel þegar þessu máli lauk nokkrum árum síðar, þá kom skeyti frá Hæstarétti og ég hjólaði með það út í Eyvík, þar sem pabbi var að moka mól upp á bíl og þar fékk hann sem sagt í hendur staðfestingu á að hann hefði unnið fullnaðarsigur í málinu gegn kaupfélagsvaldinu. Og þesssi niðurstaða var auðvitað áfall og álitshnekkir fyrir Kaupfélagið, að hafa farið þessa leið, að halda inni hjá sér peningum sem fátæk alþýðuheimili höfðu sannarlega brýna þörf fyrir."

- Hvenær hófust svo formleg afskipti þín að verkalyðsmálum?

"Ég fór inn í (vara)stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur 1964 þegar það er stofnað eftir sameiningu Verkamannafélagsins og Verkakvennafélagsins, sat í stjórn til ársins 1991 og var formaður 1973-76. En auðvitað var ég farinn að sækja fundi miklu fyrr og fylgdist alltaf með af áhuga. Ég man til dæmis að á þessum árum var hægt að draga fundarmenn í pólitíska dilka eftir því hvar þeir sátu. Kommarnir sátu allir að sunnanverðu og hinir að norðanverðu en kratanir svona svoltiði í bland suður og norður, enda kratar náttúrulega oft á báðum áttum!

Þegar ég tók við Höfða hf. hætti ég sem formaður VH og sá skemmtilegi drengur og höfðingi Helgi Bjarnason tók við formennskunni. Ég varð þá varaformaður, ekki síst þar sem Helgi setti það eiginlega sem skilyrði fyrir að taka að

sér formennsku að ég yrði varaformaður hans. Og það kom síðan í minn hluta í þeirri stöðu að fara með öll samningamál fyrir félagið á þessum árum.

En þetta starf hefur ekki einungis snúist um kjörin ein heldur oft um að tryggja menn á einhvern hátt fyrir áföllum, það vill oft gleymast að þetta snýst ekki allt um launa- umslagð og það sem í því er. Sjúkrasjóðurinn, orlofið og atvinnuleysisbæturnar skipta marga miklu máli. Og það var líka stór áfangi þegar við stofnuðum Lífeyrissjóðinn Björgu. Og upp úr því fór Verkalýðsfélagið að hafa efni á að ráða sér starfsmann, í kringum 1970, en fram að því voru menn með þetta allt í rassvasanum. Og það var Stefán Jón Bjarnason sem var fyrsti starfsmaður á skrifstofu VH."

- Þú varst forystumaður í verkalyðsfélagi jafnframt því að vera framkvæmdastjóri útgerðarfélags og bæjarfulltrúi, þannig að það var ekki kyn þótt margir segðu að Kiddi væri ekki bara báðum megin borðsins heldur allt í kringum það!

"Já, menn voru eitthvað að gantast með það. En þetta gekk nú allt saman bísa vel. Ég átti til dæmis alltaf gott samstarf við Fiskidjúsamlagið þar sem Tryggvi Finnsson var við stjórn og raunar vorum við báðir í bæjarstjórn á sama tíma. Við hittumst reyndar á dögnum og fórum að ræða um kjaramál fyrr og nú og ég spurði Tryggva hvort það væri ekki rétt munað hjá mér að á þessum árum hafi verið greidd hæstu laun í fiskvinnslu á landinu á Húsavík, ásamt því að einhver ár var greitt hér hæsta fiskverð líka. Og Tryggvi

staðfesti að svo hefði verið.

En hann sagði líka að ég hefði verið honum nokkuð erfiður í sambandi við 12 prósentin. Þá lentum við í smá erfiðleikum þegar bónusinn var kominn á í fiskvinnslunni hjá FH, því um þriðjungur starfsfólksins náði ekki bónusi og var því með talsvert lægri laun en bónusvíkingarnir. Og þá þurfti ég að fara að semja fyrir þetta fólk og niðurstaðan var 12% hækkun fyrir hópinn. Við kölluðum þetta premíu og skilgreindum þetta sem afkastatengda uppþót, sem var auðvitað skáldskapur!"

Kristjáni verður tíðrædd um föður sinn og aðrar fyrirtíðarkempur og baráttumenn sem honum eru minnistæðir. "Pabbi og bræður hans báru virðingu fyrir menntun og hann hvatti unga menn til að mennta sig. Og hversvegna? Jú, eins og hann sagði: "Þá áttu auðveldara með að greina mun á réttu og röngu." Þetta er einhver besta skilgreining á gildi menntunar sem ég hef heyrt og

Þessi verkalyðsbarátta var í sjálfu sér sára einföld og kallinn sagði stundum við mig: "Ef fólkíð hefur vinnu og afkomu þá kaupir það vörur og þjónustu af þeim sem það falbjóða. Og menn geta þá borgað útsvar og þá er hægt að gera götur og byggja skóla." Þetta er í sjálfu sér ekki flóknara og svona er þetta ennþá og hefur alltaf verið grunntónn í mínum kenningum og starfi. Atvinnan er númer eitt og forsenda alls annars."

-En málin eru orðin heldur flóknari í dag?

Já á vissan hátt, en atvinnan er enn frumforsenda alls sem gera skal. En samskipti manna eru með allt öðrum hætti nú en áður og þetta er orðið svo gjörsamlega allt annað þjóðfélag en var. Samhjálpin var miklu meiri hér áður og nú er það orðið skammaryrði að vera sameignarsinni þegar hver á að vera sjálfum sér næstur og arðsemin er eini mælikvarðinn á allt. Þarna er menntunin að



Bæjarfulltrúinn Kristján á góðri stund með Anker Jørgensen, þáverandi forsætisráðgjafi Dana.

þessu hef ég ekki gleymt."

Arnór föðurbroðir hans er honum eins og fleirum mjög minnistæður. "Nóri var þekktur og virtur innan verkalyðshreyfingarinnar um land allt og margir forystumenn verkamanna höfðu á honum mesta dálæti fyrir það hvað hann var einlægur og sannur. Og svo var hann náttúrulega svona pollrólegur alltaf en líka mikill gleðipinni, hann var ekkert að kafna af áhyggjum alla daga og tók öllu sem lífið færði honum með jafnaðargeði. Þráinn heitinn var líka eftirminnilegur karakter og Gerða Þórðar og móðir hennar Björg Pétursdóttir. Gerða var til dæmis formaður Verkakvennafélagsins í ein 18 ár. Allt þetta fólk vildi og ætlaði sér að gera Húsavík svo mikla og það létti því mikið lífið þegar menn sáu fram á bjartari framtíð og að baráttan var að skila árangri. Þetta fólk hafði metnað fyrir hönd samfélagsins og var tilbúið til að leggja mikið á sig til að skila því fram á veginn til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.


bregðast okkur, hún miðar ekki lengur að því að kenna ungmennum að greina mun á réttu og röngu heldur snýst oft mest um það hvernig auðveldast sé að skara eld að eigin köku og ná einhverju af öðrum."

Meðan við sitjum að spjalli yfir kaffibolla heima hjá Kidda á Álfrólum, þá er ungur afadrengur þar á vappi með skíðagæurnar sínar og er að bíða eftir afa sem á að skutla honum upp í Skálamel. Kiddi er stoltur af þessum strák eins og öðrum afkomendum sínum og segir: "Við vorum að ræða saman um daginn og þá segir snáðinn: "Heyrðu afa, ertu þú frægur maður?" Ég neitaði því auðvitað og spurði af hverju hann væri að spyrja að þessu. "Ja, bara af því að það heilsa þér allir."

Þetta þótti mér nokkuð gott." Sagði Húsavíkurhöfðinginn Kristján Ásgeirsson. Og við skulum halda áfram að heilsa Kidda á förnunum vegi. Hann á það skilið. Enda búinn að redda mörgum. JS



- Ertu búinn að vera á sjónum í eitt ár eða meira?
- Langar þig að fara á námskeið eða í skóla?



Átt þú rétt á styrk?

Sjómennt er fræðsluþúfur sjómanna og útgerðarfirmatækja. Félagsmaður, sem unnið hefur í a.m.k. 12 mánuði skv. kjarasamningi SA/LÍÚ við Sjómannasamband Íslands, hjá útgerðum innan LÍÚ, og greitt til aðildarfélags Sjómenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms.

Samtök atvinnulífsins (SA), Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Sjómannasamband Íslands (SSÍ) standa að Sjómennt.

Nánari upplýsingar: www.sjomennt.is • sjomennt@sjomennt.is



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS



Sjómennt • Fjoltækniskóla Íslands • Háteigsvegi • 105 Reykjavík • Sími 522 3300 • Fax 522 3301

ÁVÍSUN Á VELGENGNI FERMINGAR- BARNINS

FRAMTÍÐARREIKNINGUR

Framtíðarreikningur er verðmæt fermingargjaf sem vex með barninu og hjálpar því að læra góða sið í fjármálum. Hann er bundinn til átján ára aldurs og ber alltaf bestu vexti sparirekninga bankans.

Ef þú stofnar Framtíðarreikning til að gefa í fermingargjöf og leggur 5.000 kr. eða meira inn á hann færðu 2.000 kr. mótframlag frá Glitni.

Komdu í næsta útibú og leggðu grunn að fjárhagslegri velgengi fermingarbarnsins um alla framtíð. Framtíðarreikningurinn fæst líka á glitni.is og í þjónustuveri í síma 440 4000.



GLITNIR

Vortónleikar

Vortónleikar Gospelkórs Húsavíkurkirkju verða haldnir í Húsavíkurkirkju föstudaginn 28. apríl kl. 20:30. Auk kórsins koma fram nokkrir góðir gestir á tónleikunum.

Stjórnandi kórsins er Guðni Bragason.
Ókeypis aðgangur.

NFS fjallar um starfskjör ungmenna

NFS fjallaði nýverið ýtarlega um starfskjör ungmenna í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Komið hefur fram að ungir starfsmenn verslana séu oft snuðaðir um lögbundin réttindi þar sem þeir m.a. þekki ekki sín réttindi. Í fréttinni kom einnig fram að tugir slíkra mála komi inn á borð Verslunarmanna-

félags Reykjavíkur á hverju ári. Til að koma í veg fyrir að slík mál komi upp og berist inn á Skrifstofu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hafa félögin staðið fyrir fræðslu um helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði í grunnskólum og framhaldsskólum á félagssvæðinu.

Góð aðsókn í Færeyjaferð

Tæplega fjörutíu manns hafa skráð sig í Færeyjaferð stéttarfélaganna í júní. Farið verður með Norrænu frá Seyðisfirði 22. júní og komið heim 29. júní. Hægt er að

skrá sig í ferðina út þessa viku þar sem nokkur sæti eru laus. Stéttarfélagin standa einnig fyrir ferðum til Króatíu í sumar frá Akureyri.

Afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samið við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félagsmanna þeirra

félaga sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn

Atvinnuhúsnæði til leigu!



Stéttarfélögin auglýsa til leigu frá 1. júlí n.k. 64m² húsnæði að Garðarsbraut 26, núverandi hársnyrtistofu Jónu og Rósu.

Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi.

Áhugasamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Áhugasamir nemendur



Unglingarnir í Hafralækjarskóla voru liflegir og spurðu mikið út í atvinnu- og verkalýðsmál.

Starfsmenn stéttarfélaganna heimsóttu nemendur í 10. bekk Hafralækjarskóla í lok mars. Heimsóknin er liður í átaki stéttarfélaganna að uppfæra ungt fólk um sín helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Nemendur Hafralækjarskóla voru mjög áhugasamir

og spurðu fulltrúa stéttarfélaganna um ýmislegt sem tengist verkalýðs- og atvinnumálum á svæðinu. Ekki var annað að heyra en að þau væru mjög ánægð að fá þessa fræðslu inn í skólann enda skiptir miklu máli fyrir ungt fólk að vita um sín helstu réttindi og skyldur.

ListÞing:

Gríðarlega góð viðbrögð

Verkalýðsfélag Húsavíkur auglýsti nýlega að félagið stefndi að þingeyskri listsýningu í lok apríl í tilefni af 95 ára afmæli félagsins og var skorað á menn að gefa sig fram. Um er að ræða samsýningu sem haldin verður í Safnahúsinu frá 29. apríl til og með 1. maí. Þegar þetta er skrifað hafa tæplega fjörutíu einstaklingar skráð sig til þátttöku sem er hreint út sagt frábært. Þeir sem hafa skráð sig eru með mjög mismunandi verk s.s. málverk, ljósmyndir, silfursmíði, útskurð úr tré, vefnað og verk úr járni. Flestir sem hafa haft samband er áhuga-fólk, sem lítur á listskópun sem

tómstundaiðu sem það stundar að loknum hefðbundnum vinnudegi. Þá hafði kona sem bjó á Húsavík fyrir nokkrum árum, sem nú er við vefnaðarnám í Svíþjóð samband, en hún hefur áhuga á að sýna verk sem hún vann við myndvefnaðardeildina í Ósló en þar var hún skiptinemi frá Högskolan í Borås í Svíþjóð í 10 vikur. Á þessu má sjá að menn leggja töluvert á sig til að vera með í sýningunni List-Þing 2006. Hér með er skorað á Þingeyinga og aðra landsmenn sem koma því við, að heimsækja Safnahúsið á Húsavík í lok apríl og sjá fjölbreyta listskópun.



Töluverðar framkvæmdir bafa staðið yfir á Hótel Reyniblíð í vetur. Búið er að gjörbreyta móttöku hótelsins, og þá befur um tuttugu herbergjum verið breytt og eru nú orðin sérlega glæsileg. Ekki var annað að beyra en að Gunnbildur og Edda væru ánægðar með breytingarnar en þær starfa báðar hjá Hótel Reyniblíð í Myvatnssveit.

Ósanngjörn skattheimta

Á síðasta trúnaðarmannaráðsfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur sem haldinn var í síðustu viku voru skattamál m.a. til umræðu. Umræða varð um skattheimtu ríkisins af forvarnarstyrkum stéttarfélaganna til félagsmanna. Töldu fundarmenn þetta mjög óeðlilega skattheimtu ekki síst þar sem markmiðið með styrkjum væri að koma í veg fyrir hættulega og oft langvarandi sjúkdóma. Ljóst væri að styrkir til forvarna kæmu oft í veg fyrir langvarandi veikindi með tilheyrandi kostnaði fyrir viðkomandi einstakling og ríkið og því ætti ríkið ekki að skattleggja þessa styrki. Á fundinum var samþykkt að skora á Heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að skattar af forvarnarstyrkjum frá stéttarfélögum verði afnumdir. Áskorunin er eftirfarandi:

Áskorun

Verkalýðsfélag Húsavíkur skorar á Heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að forvarnarstyrkir sem

sjúkrasjóðir stéttarféлага veita félagsmönnum verði ekki skattskyldir.

Ljóst er að styrkir stéttarfélaganna til forvarna hafa sparað ríkinu umtalsverða fjármuni þar sem oft hefur tekist að greina alvarlega sjúkdóma á byrjunarstigi s.s. krabbameins, æða og kransæðasjúkdóma. Þá hafa félögin einnig komið að því að styrkja félagsmenn eftir erfið veikindi eða slys með því að greiða niður sjúkrabjálfun, sjúkranudd og dvöl á Náttúruelknaheimilinu í Hveragerði.

Að mati Verkalýðsfélags Húsavíkur er það mjög óeðlilegt að ríkið skuli innheimta skatt af þessum greiðslum þegar líta má svo á að stéttarfélögin séu að spara ríkinu umtalsverðar upphæðir. Þess vegna er það krafa félagsins að Heilbrigðisráðherra beiti sér í málinu af sanngirni og stjórnvöld afnemi skatta af forvarnarstyrkjum sem stéttarfélög greiða til félagsmanna.

Líflegt og gefandi starf stéttarfélaganna

Þessa dagana er verið að ganga frá uppstillingu í stjórnir, ráð og nefndir á vegum stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í starfsemi stéttarfélaganna eru vinsamlegast

beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsmanna sem fyrst. Fram að þessu hefur gengið mjög vel að manna allar stöður og er vonandi að svo verði áfram en það er alltaf gott að fá nýtt blóð.



Olga Gísladóttir formaður Verkalýðsfélags Öxarfjarðar er hér í góðra vina bópi. Með henni eru fulltrúar frá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði og frá stéttarfélaginu Vöklum á Höfn. Talsmenn stéttarféлага hittast reglulega til að fara yfir starfsemi félagsmanna og helst málefni liðandi stundar er snerta félagsmenn.

Formanni VH boðið á Bessastaði



Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður VH ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands.

Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur þáði boð Forseta Íslands hr. Ólafs Ragnars Grímssonar og heimsótti hann á Bessastaði 6. apríl. Vel fór á með þeim og ræddu þeir þjóðmálin og málefni er varða Þingeyinga sérstaklega s.s. atvinnu- og

velferðarmál. Þá var Aðalsteini boðið að skoða Bessastaði og kynna sögu staðarins í stuttu máli. Aðalsteinn var ánægður með boðið og sagði samræður hans og forsetans hafa verið mjög vinsamlegar og greinilegt væri að forsetinn væri mjög velviljaður í garð Þingeyinga.

Ríflega hundrað nýir félagar gengu í VH

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélags Húsavíkur 18. apríl voru samþykktar 102 inntökubeiðir í félagið sem er ríflega tífalt meira en gerist að jafnaði. Þessi skyndilega aukning skýrist af því að í upphafi árs var farið yfir félagatal VH og kom þá í ljós að fjölmargir höfðu greitt lágmarksgjaldið til félagsins á síðasta ári en höfðu ekki sótt

formlega um inngöngu. Til þess að teljast fullgildur meðlimur í stéttarfélagi þarf að sækja formlega um inngöngu í félagið og því fengu þessir einstaklingar send bréf þess efnis ásamt inntökubeiðum sem nú eru farnar að skila sér.

Stjórn, trúnaðarmannaráð og starfsfólk Verkalýðsfélags Húsavíkur býður nýja meðlimi hjartanlega velkomna í félagið.

Tíminn líður hratt Nafn á nýtt stéttarfélag



Um þessar mundir eru liðin 95 ár síðan húsvískir daglaunamenn réðust í að stofna með sér félag um stéttbundin hagsmunamál sín sem var 14. apríl 1911, Verkamanna-félag Húsavíkur. Nokkrum árum síðar eða 28. apríl 1918 stofnuðu verkakonur á Húsavík með sér eigið félag, Verkakvennafélagið Von. Voríð 1964 sameinuðust félögin undir nýju nafni, Verkalýðsfélag Húsavíkur. Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Raufarhafnar sameinuðust svo 1. júlí 2004 undir nafni þess fyrr nefnda.

Á sínum tíma þurfti mikið áræði til að stofna félag sem hafði það að markmiði að gæta hagsmuna verkafólks; því kjark þurfti til fyrir fátæka menn og skulduga að rísa upp og krefjast bættra kjara af vinnuveitendum sínum. Eitt af því sem okkur ber að varðveita er saga þessara manna sem mörkuðu sporin og lögðu þann grunn sem við byggjum á í dag.

Saga verkalýðsbaráttu á Húsavík er um margt mjög merkileg. Allt frá fyrstu tíð höfðu Verkamannafélagið og Verkakvennafélagið Von á stefnuskrám sínum að sinna kaupgjaldsmálum félagsmanna. En það var líka jafnljóst að hagsbótina mátti einnig sækja í aðra staði, hagkvæma verslun og samhjálparstarf af ýmsu tagi. Á slíkt lögðu félögin engu síðri áherslu en sjálfa kaupgjaldsbaráttuna.

Næg atvinna, öflugt mannlíf og vöxtur og viðgangur staðarins hefur alla tíð verið til umræðu á fundum félaganna. Með tímanum rófðestist sú áhersla í starfi þeirra og allar götur síðan hafa þau, og síðar Verkalýðsfélag Húsavíkur, haft mikil áhrif á alla umræðu um atvinnumál. Stéttarfélögin hafa tekið virkan þátt og jafnvel verið frumkvæðisaðili að ýmsum meiriháttar atvinnufyrirtækjum á Húsavík, fyrirtækjum sem skipt hafa sköpum fyrir viðgang Húsavíkur. Á síðari áratugum hefur viðfangsefnum íslenskrar verkalýðshreyfingar fjölgað og allt starf stéttarfélaganna orðið faglegra í eðli sínu, jafnvel sérfræðilegt í sumum tilvikum. Hreyfing verkafólks á Húsavík hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Sérgreinafélögum hefur fjölgað og forveri þeirra,

Verkalýðsfélag Húsavíkur, hefur vaxið og eflst og starfsemi þess orðið margþættari.

Sem fyrr ber það hæst í starfi félagsins sem það tók í arf frá forverum sínum; áhersluna á vöxt og viðgang atvinnulífs, samhjálp, sem nú er rekin í mynd lífeyrissjóða og margvíslegra félagslegra réttinda og fræðslustarfs. Má jafnvel nefna að saumanámskeið eru haldin á vegum félagsins rétt eins og hannyrðanámskeiðin sem verkakvennafélagið gamla stóð fyrir á sinni tíð. Þráðurinn til upphafsins hefur ekki slitnað. Velferð verkalýðs-stéttarinnar og bæjarsamfélagsins alls er enn þann dag í dag það markmið sem félagið setur í öndvegi. Um 1200 félagsmenn eru í Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að minnst þessara tímamóta 1. maí með glæsilegri hátíð í Félagsheimili Húsavíkur. Þá stendur félagið fyrir listsýningu í Safnahúsinu á Húsavík helgina 29. til 1. maí þar sem tæplega fjörutíu einstaklingar sína list sína. Flestir eiga það sameiginlegt að hafa listskópun fyrir tómsundandiðu. Þá hefur félagið á þessum tímamótum gefið hátt í milljón króna til góðra málefna á félagssvæðinu. Síðast en ekki síst hefur verið ákveðið að gera Kristján Ásgeirsson að heiðursfélaga fyrir framlag hans til félagsins á liðnum áratugum. Kristján á það svo sannarlega skilið enda fáir lagt eins mikið til félagsmála og Kristján Ásgeirsson.

Á þessum tímamótum stendur Verkalýðsfélag Húsavíkur vel og samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið eru félagsmenn ánægðir með félagið sitt og þá þjónustu sem það veitir félagsmönnum. Þá má geta þess að sífellt fleiri utan félagssvæðis Verkalýðsfélags Húsavíkur sækjast eftir inngöngu í félagið sem einnig eru góð meðmæli með starfsemi félagsins. Að lokum vil ég óska félagsmönnum og þingeyingum til hamingju með afmæli Verkalýðsfélags Húsavíkur sem í dag er eitt öflugasta stéttarfélag verkafólks á Íslandi.

Með afmæliskveðju!
Aðalsteinn Á. Baldursson

Viðræðunefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Óxarfjarðar sem unnið hefur að sameiningu félaganna frá og með 6. júní n.k. stóð fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna á nafni á sameinað félag. Hundrað félagsmenn lendu í úrtakinu og fengu send heim til sín blað með 16 möguleikum auk þess sem þeim gafst kostur á að koma með önnur nöfn. Svarhlutfallið var 43%. Endanleg niðurstaða varð eftirfarandi:

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis	63,4%
Verkalýðsfélag Þingeyinga	22,0%
Stéttarfélag Þingeyinga	2,4%
Verkalýðsfélagið Þingey	5,0%
Starfsgreinafélag Norðurlands	2,4%

Eins og sjá má var fjölmennasti hópurinn með því að félagið heiti Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Til gamans má nefna að könnuninni var skipt upp eftir svæðum og var stuðningur við nafnið Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis þannig eftir svæðum:

Húsavík

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis 67% atkvæða

Raufarhöfn

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis 75% atkvæða

Kópasker/Óxarfjörður

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis 50% atkvæða

S-Þingeyjarsýsla

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis 64% atkvæða

Stjórnir og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Óxarfjarðar hafa ákveðið að leggja fyrir aðalfundi félaganna í maí að nýtt sameinað félagið fái nafnið Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis.

VH færir Endurhæfingarmiðstöðinni gjöf



Kristbjörg Sigurðardóttir afhendir Endurbæfingarmiðstöðinni í Hvammi gjöfina. Með henni á myndinni eru Sveinbjörn Sigurðsson, Hrefna Reginu Gunnarsdóttur og Soffía Anna Steinarsdóttur.

Í telfni af 95 ára afmæli Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur félagið gefið nokkrar gjafir það sem af er þessu ári sem nema í heildina um einni milljón króna. Síðasta laugar-dag færði félagið Endurbæfingar-

miðstöðinni í Hvammi lasertæki sem metið er á tæp 400.000,-. Að sögn starfsmanna miðstöðvarinnar hefur sárlega vantað slíkt tæki og kemur það að mjög góðum notum.



Örkin

hönnun - prentun - útgáfa

Garðarsbraut 56 • Húsavík
Sími 464 2000 • Tölvupóstur: orkin@orkin.is

Verkafólk á betra skilið

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með kjarabaráttu starfsmanna dvalar- og hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu og sendi ég þeim hér með baráttukveðjur. Starfsmenn krefjast hærri launa fyrir störf sín sem engum þarf að koma á óvart þar sem föst mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru rúmlega 100.000,- krónur á mánuði. Til að knýja á um betri kjör hafa starfsmenn farið í setuwerkfall og þegar þetta er skrifað hafa þeir boðað frekari aðgerðir á næstu dögum verði ekki orðið við kröfum þeirra. En það er ekki bara á höfuðborgarsvæðinu sem starfsmenn við aðhlyningu eru óánægðir með kjör sín heldur er svo víða um land. Í því sambandi má nefna að Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur átt í viðræðum við dvalar- og hjúkrunarheimili í Þingeyjarsýslum og krafist hærri launa fyrir starfsmenn og standa þær viðræður yfir þessa daganna.

Gula spjaldið á lofti

Það er sérstakt fagnaðarefni þegar starfsfólk í umönnunarstörfum og öðrum láglaunastörfum ris upp og krefst þess að störf þeirra séu metin að verðleikum og ábyrgð. Ég tel að samstöðuleysi verkafólks hafi í gegnum tíðina háð kjarabaráttu þeirra og verkafólk eigi að vera virkara í stéttarfélagum og mynda þannig sterkt bakland fyrir forystumenn félagananna. Eins og segir, sameinuð til sóknar. Það er jafnljóst að forystusveit verkafólks

þarf einnig að vera betur meðvituð um mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við félagsmenn svo hún nái að fylgja betur eftir kröfum þeirra. Ég efast ekki um að það hafi vantað verulega upp á pennan þátt. Það hlýtur t.d. að teljast nokkuð sérstakt að þrátt fyrir að í gildi séu kjarasamningar milli aðila hafi Launanefnd sveitarfélaga samþykkt einhliða að hækka laun starfsmanna sveitarfélaga umfram kjarasamninga, án samráðs við viðkomandi stéttarfélög. Launanefndin taldi sig knúna til að gera það, þar sem illa hefur gengið að manna láglaunastörf hjá sveitarfélögum. Nú rísa starfsmenn dvalar- og hjúkrunarheimila upp víða um land og krefjast breytinga á kjörum umfram gildandi kjarasamninga. Hverjir verða næstir? Verður það fiskvinnslufólk, iðnverkafólk eða verslunarfólk? Þessir hópar búa flestir við léleg kjör og eiga fullan rétt á því að laun þeirra verði hækkuð. Það er ekki annað að sjá samkvæmt þessari þróun, en að samningsaðilar hafi verið á rangri braut og séu með þessu að fá gula spjaldið. Að mínu mati er óróleikinn sem verið hefur á vinnumarkaði fyrst og fremst vegna þeirra láglaunastefnu sem viðgengist hefur á Íslandi allt of lengi og sem enn sér ekki fyrir endan á.

Varað var við þessari þróun

Ég var einn af þeim sem vörðuð við þessari þróun þegar Samtök atvinnulífsins og samtök verkafólks

undirrituðu síðasta kjarasamning í mars 2004. Á þeim tíma hafði ég og hef enn þá skoðun að verkafólk ætti rétt á hærri launum og atvinnulífið hefði burði til að standa undir því. Flestir félaga minna í forystusveit verkafólks keyptu ekki þessa skoðun og skrifuðu undir kjarasamninginn. Það gerði ég hins vegar ekki ásamt nokkrum öðrum forystumönnum stéttarfélaga. Við vildum ekki bera ábyrgð á þessum samningi sem tryggði verkafólki ekki hærri laun fyrir þeirra mikilvægu störf. Eftir undirskrift samningsins sömdu aðrir hópar launafólks og þá var allt í einu orðið meira svigrúm til hækkana en hjá verkafólkinu sem áður hafði gengið frá sínum kjarasamningum sem tryggði þeim rúmlega 100.000,- kr. í dagvinnulaun á mánuði fyrir fullt starf. En því var svarað til að það yrði tekið á þessum málum við endurskoðun samningsforsenda í nóvember 2005. Verkafólk beið og vonaðist eftir leiðréttingum miðað við aðra hópa og þá voru verðbólgu markmið samningsins jafnframt fallin þar sem verðbólgan á síðasta ári var verulega hærri en forsendur kjarasamningana gerðu ráð fyrir.

Forsendunefndin fær falleinkun

Niðurstaða forsendunefndarinnar sem skipuð er fulltrúum frá verkalýðshreyfingunni og Samtökum atvinnulífsins voru mikil vonbrigði hvað varðar launaleiðréttingar. Samið var um eingreiðslu

kr. 26.000,- sem aðeins hluti verkafólks fékk að fullu og hækkun launa 1. janúar 2007 um 0,65% umfram gildandi kjarasamninga. Þetta var nú öll innistæðan sem forsendunefndin taldi að verkafólk ætti inni hjá atvinnurekendum þrátt fyrir háa verðbólgu og launaskrið annarra hópa. Verðbólgan er enn á uppleið og hefur ekki verið meiri í fjögur ár og ekki er útlit fyrir annað en að hún vaxi enn frekar á næstu mánuðum. Kaupmátturinn er horfinn. Það voru jafnframt vonbrigði að stéttarfélag verkafólks og ASÍ skyldu ekki gera alvarlegar athugasemdir við þessa niðurstöðu varðandi leiðréttingu á kjörum verkafólks. Þó skal tekið fram að nokkrir forystumenn stéttarfélaga lýstu yfir óánægju með þessa niðurstöðu meðan aðrir fögnuðu henni sérstaklega. Segja má að það fólk sem undanfarið hefur sagt upp störfum eða farið í setuwerkfall vegna kjaramála sé að staðfesta að menn hafi ekki haldið rétt á málum og séu með þessum aðgerðum að senda skýr skilaboð út í þjóðfélagið um að sú láglaunastefna sem verið hefur við lýði gangi ekki lengur upp. Aðilar vinnumarkaðarins hljóta að taka þessi skilaboð til sín með það í huga að hlusta á kröfur verkafólks um að launakjör þeirra verði þeim boðleg í framtíðinni, við annað verður ekki unað að hálfu verkafólks.

Aðalsteinn Á. Baldursson
Form Verkalýðsfélags Húsavíkur

LIST-ÞING 2006

Í tilefni af 95 ára afmæli Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur félagið ákveðið að standa fyrir listsýningu í Safnahúsinu á Húsavík daganna 29. apríl til 1. maí.

Hátt í fjörutíu aðilar sem eiga það sameinginlegt að vinna að listsköpun í frístundum munu eiga verk á sýningunni. Þetta er því sannkölluð alþýðulistsýning. Meðal þess sem verður til sýnis eru málverk, ljósmyndir, silfursmíði, útskurður úr tré, vefnaður og verk úr járn.

Opnunartíminn er eftirfarandi:
Laugardagur 29. apríl 13:00 – 18:00
Sunnudagur 30. apríl 13:00 – 18:00
Mánudagur 1. maí 13:00 – 18:00

Þingeyingar leggjum leið okkar í Safnahúsið og upplifum listsköpun alþýðufólks.



Verkalýðsfélag Húsavíkur

Mér finnst eðlilegt að traustir viðskiptavinir fái betri kjör – það finnst bankanum mínum líka

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild. Það gerum við meðal annars með því að bjóða Vörðufélögum 15% afslátt af þóknun við kaup í sjóðum Landsbankans.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni